

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skrifstofa loftslags og náttúru
urn@urn.is

Reykjavík, 29. september 2025

Efni: Umsögn Samorku um tillögu um flokkun virkjunarkostsins Garpsdal í nýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar, mál í samráðsgátt nr. 113/2025

Um tillögu ráðherra

Samorka fagnar tillögu umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um flokkun virkjunarkostsins Garpsdals í nýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar. Samorka tekur undir þau sjónarmið sem birtast í rökstuðningi ráðherra og fylgja tillögunni. Þannig kom kosturinn vel út úr greiningu faghóps 1 sem mat áhrif með tilliti verðmætagildis náttúru- og menningarminja. Þá kom kosturinn einnig vel út úr mati faghóps 3 um samfélagsleg áhrif. Þá er rétt að undirstrika að í drögum að tillögur verkefnisstjórnar frá 2021 var Garpsdal raðað í nýtingarflokk.

Ljóst er að ráðherra er með tillögu sinni að fylgja eftir mikilvægum áherslum ríkisstjórnarinnar um orkuöryggi, orkuskipti og verðmætasköpun um allt land.

Samorka hefur um árábil bent á þá vankanta sem eru á ferli rammaáætlunar og þörf á að afnema eða endurskoða í heild sinni lög um verndar- og orkunýtingaráætlun. Eitt af því sem gagnrýnt hefur verið er að við vinnu faghópa og í tillögum verkefnisstjórnar er ekkert horft til sjónarmiða um orkuöryggi, skuldbindinga stjórnvalda þegar kemur að orkuskiptum, atvinnuuppbyggingu, byggðaðróun og þeirrar forsendu sem raforkuframleiðsla er fyrir verðmætasköpun.

Samorka fagnar því að ráðherra bregst með tillögu sinni á skýran og ábyrgan hátt við þessum áhyggjum.

Almennt

Umgjörð leyfisveitingarferla og uppbygging grænnar orkuframleiðslu þarf almennt að vera í traustu, fyrirsjáanlegu og skýru ferli. Bæði framkvæmdaraðilar og almenningur þarf að hafa traust á ferlinu, þekkja það og vita hvenær hægt er að koma að sjónarmiðum og hvort og hvernig er tekið tillit til þeirra.

Núverandi umhverfi í leyfisveitingarmálum uppfyllir ekki þessar lágmarkskröfur. Núverandi og fyrri ríkisstjórnir hafa áttað sig á því og verið með á stefnuskrá sinni að einfalda regluverk um leyfisveitingar og gera það skilvirkara og aðgengilegra.

Með nýrri stofnun, Umhverfis- og orkustofnun, var mikilvægt skref stigið í þessa átt en fjölmörg mál eru enn óleyst. Má hér telja nokkur.

1. Afnema eða endurskoða rammaáætlun

Rammaáætlunarferlið er óskilvirkt og óskýrt ferli sem stendur utan við hefðbundna stjórnsýslu. Á meðan ekki stendur til að afnema lögin er mikilvægt er að endurskoða ferlið í heild sinni, t.a.m. þannig

að verkefnisstjórn verði falið að taka tillit til framangreindra sjónarmiða um orkuöryggi, orkuskipti, atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun. Allt sjónarmið sem þarf að taka tillit til, til jafns við verndargildi náttúru og menningarsögulegra minja. Verkefni í nýtingarflokki fái forgang við afgreiðslu og leyfisveitingar á síðari stigum, til að mynda með því að mæla þannig fyrir um í lögum um rammaáætlun að slík verkefni séu í þágu brýnna almannahagsmuna. Þá telur Samorka rétt að heildstætt mat á verndarþörf náttúru fari fram á forsendum náttúrunnar en ekki sé sérstök þörf á að vernda náttúruna sérstaklega gegn grænni orkuframleiðslu frekar en annars konar starfsemi eða uppbyggingu – *reyndar þvert á móti*.

2. Einfalda leyfisveitingar

Mikilvægt er að áform um einföldun leyfisveitinga sem lagt var fram á sl. þingi í þingskjali 297 – 265. mál nái fram að ganga sem allra fyrst. Auk þess sem horfa verði til enn frekari einföldunar leyfisveitingarferla svo sem með því að skilgreina að uppbygging grænnar orkuframleiðslu og tengdra framkvæmda flutnings- og dreifikerfa verði metin í þágu brýnna almannahagsmuna í öllu ferli stjórnvalda, dómstóla og úrskurðaraðila. Þá þarf að tryggja að öll leyfi séu afgreidd að mestu í einu sameiginlegu ferli með afgreiðslu á vegum einnar stofnunar (*einn afgreiðslustaður*). Setja verður skýra tímaramma á þann tíma sem leyfisveitingarferli má taka og eðlilegt að horfa til evrópskra viðmiða í því samhengi, sem eru allt niður í 1-2 ár.

3. Sameining verkefna og stofnana

Mikilvægt skref var stigið til einföldunar með sameiningu umhverfisstofnunar og orkustofnunar í eina stofnun. Enn liggja fyrir áform hjá ríkisstjórn um sameiningu stofnana til að ná fram samlegð og aukinni hagræðingu og hefur nú verið birt í samráðsgátt frumvarp til laga um sameiningu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Skipulagsstofnunar í eina stofnun. Samorka styður þau áform en bendir á að mikið hagræði gæti verið falið í því fyrir stjórnsýslu, framkvæmdaraðila og almenning að verkefni Skipulagsstofnunar tengd umhverfismati framkvæmda og áætlana yrðu við framangreinda sameiningu færð til Umhverfis- og orkustofnunar. Umhverfis- og orkustofnun fer með alla stjórnsýslu í loftslags-, umhverfis- og orkumálum að undanskilinni stjórnsýslu samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Ljóst að mikil tvívinnu fer fram og sömu og sambærileg gögn eru lögð fram og greind á mismunandi stöðum á meðan Umhverfis- og orkustofnun heldur utan um leyfisveitingar og eftirlit en umhverfismat framkvæmda og áætlana er hjá annarri stofnun.

Í umsögn þessari hafa verið reifaðar ýmsar þær athugasemdir sem áður hafa birst frá Samorku um rammaáætlunarferlið og tillögur til einföldunar og hagræðingar í umhverfi leyfisveitinga. Í viðauka er að finna tengla á fyrri umsagnir Samorku þar sem framangreind sjónarmið eru reifuð á ítarlegri hátt.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur

Viðauki

Samorka vísar til fyrri athugasemda um lög um verndar- og orkunýtingaráætlun og áréttar þá afstöðu að endurskoða þurfi lögin í heild sinni eða leggja þau af. Sjá t.d.

[Umsögn Samorku um tillögur að flokkun tíu vindorkuverkefna, mál í samráðsgátt nr. 7/2025](#)

[Umsögn Samorku um áform um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, mál í samráðsgátt nr. S-79/2024](#)

[Umsögn Samorku um frumvarp um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, þingskjal 300 - 268. mál](#)